



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fjöldi ferðamanna

á átta áfangastöðum

á Suður- og Vesturlandi 2014 til 2015

Rögnvaldur Ólafsson

Gyða Þórhallsdóttir





Fjöldi ferðamanna

á átta áfangastöðum

á Suður- og Vesturlandi 2014 til 2015

Rögvaldur Ólafsson

Gyða Þórhallsdóttir

Desember 2015

© Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgata 9, 101 Reykjavík

Forsíðumynd: Hraunfossar í Borgarfirði. © Rögnvaldur Ólafsson

Prentun: Stell

ISBN:978-9979-9524-6-6

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Aðdragandi verkefnisins	1
1.2	Talning á ferðamönnum	2
2	Mat á umferð og fjölda ferðamanna	7
2.1	Uppsetning og kvörðun bifreiðateljara	7
2.2	Kvörðun bifreiðateljara	8
2.3	Meðalfjöldi í bifreið	10
2.4	Útskýringar á grunnupplýsingum	12
2.5	Vankantar rannsóknarinnar	14
2.6	Meðhöndlun gagnasafnsins	15
3	Niðurstöður	17
3.1	Jökulsárlón	17
3.2	Sólheimajökull	24
3.3	Húsadalur í Þórsmörk	31
3.4	Hakið á Þingvöllum	38
3.5	Geysir	45
3.6	Seltún	52
3.7	Hraunfossar	59
3.8	Djúpalónssandur	66
4	Samantekt	73
	Heimildir	77
	Viðauki A – Skilgreiningar	79
	Viðauki B - Ferðatímabil	81

Myndaskrá

1. mynd. Talningastaðirnir.	2
2. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árin 2005 til 2014.	3
3. mynd. Fjöldi ferðamanna á mánuði í gegnum Leifsstöð árin 2005 til 2015.....	4
4. mynd. Teljari.....	8
5. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.....	8
6. mynd. Hraunfossar: Dæmi um kvörðun teljara.....	9
7. mynd. Hraunfossar: Samanburður á teljara (kvarðaður) og teljara Vegagerðarinnar.	10
8. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.	11
9. mynd. Skilgreind ferðatímabil.	13
10. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á mánuði.....	18
11. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	19
12. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á tímabili.....	20
13. mynd. Jökulsárlón: Gestir á tímabili.....	21
14. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klst. á Háönn.....	21
15. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klst. um Hávetur.	21
16. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klst. á Háönn.	22
17. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klst. um Hávetur.	22
18. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag á Háönn.....	22
19. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	22
20. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag á Háönn.....	23
21. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag um Hávetur.	23
22. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á mánuði.....	26
23. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.	26
24. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á tímabili.	28
25. mynd. Sólheimajökull: Gestir á tímabili.	28
26. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klst. á Háönn.	29
27. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klst. um Hávetur.	29
28. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klst. á Háönn.	29
29. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klst. um Hávetur.....	29
30. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag á Háönn.....	30
31. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag um Hávetur.	30
32. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag á Háönn.	30
33. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag um Hávetur.....	30
34. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á mánuði.	32
35. mynd. Húsadalur: Gestir á mánuði.....	33
36. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á tímabili.	34
37. mynd. Húsadalur: Gestir á tímabili.....	34
38. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á klst. á Háönn.	35
39. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á klst. um Hávetur.....	35
40. mynd. Húsadalur: Gestir á klst. á Háönn.....	35
41. mynd. Húsadalur: Gestir á klst. um Hávetur.	35
42. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á dag á Háönn.	36
43. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	36
44. mynd. Húsadalur: Gestir á dag á Háönn.....	36

45. mynd. Húsadalur: Gestir á dag um Hávetur.....	36
46. mynd. Hakið: Bifreiðar á mánuði.	40
47. mynd. Hakið: Gestir á mánuði.....	40
48. mynd. Hakið: Bifreiðar á tímabili.....	42
49. mynd. Hakið: Gestir á tímabili.....	42
50. mynd. Hakið: Bifreiðar á klst. á Háönn.....	43
51. mynd. Hakið: Bifreiðar á klst. um Hávetur.....	43
52. mynd. Hakið: Gestir á klst. á Háönn.....	43
53. mynd. Hakið: Gestir á klst. um Hávetur.....	43
54. mynd. Hakið: Bifreiðar á dag á Háönn.....	44
55. mynd. Hakið: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	44
56. mynd. Hakið: Gestir á dag á Háönn.....	44
57. mynd. Hakið: Gestir á dag um Hávetur.....	44
58. mynd. Samanburður á umferð á Hakinu og við Geysi.....	45
59. mynd. Fylgni milli umferðar við Geysi og á Hakinu.....	46
60. mynd. Samanburður á fjölda bifreiða við Geysi annars vegar reiknaður frá Hakinu og hins vegar frá Vegagerðinni.....	46
61. mynd. Geysir: Bifreiðar á mánuði.....	48
62. mynd. Geysir: Gestir á mánuði.....	48
63. mynd. Geysir: Bifreiðar á tímabili.....	50
64. mynd. Geysir: Gestir á tímabili.....	50
65. mynd. Geysir: Bifreiðar á dag á háönn.....	51
66. mynd. Geysir: Bifreiðar á dag um hávetur.....	51
67. mynd. Geysir: Gestir á dag á háönn.....	51
68. mynd. Geysir: Gestir á dag um hávetur.....	51
69. mynd. Seltún: Bifreiðar á mánuði.....	53
70. mynd. Seltún: Gestir á mánuði.....	54
71. mynd. Seltún: Bifreiðar á tímabili.....	55
72. mynd. Seltún: Gestir á tímabili.....	56
73. mynd. Seltún: Bifreiðar á klst. á Háönn.....	56
74. mynd. Seltún: Bifreiðar á klst. um Hávetur.....	56
75. mynd. Seltún: Gestir á klst. á Háönn.....	57
76. mynd. Seltún: Gestir á klst. um Hávetur.....	57
77. mynd. Seltún: Bifreiðar á dag á Háönn.....	57
78. mynd. Seltún: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	57
79. mynd. Seltún: Gestir á dag á Háönn.....	58
80. mynd. Seltún: Gestir á dag um Hávetur.....	58
81. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á mánuði.....	60
82. mynd. Hraunfossar: Gestir á mánuði.....	61
83. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á tímabili.....	62
84. mynd. Hraunfossar: Gestir á tímabili.....	63
85. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klst. á Háönn.....	63
86. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á klst. um Hávetur.....	63
87. mynd. Hraunfossar: Gestir á klst. á Háönn.....	64
88. mynd. Hraunfossar: Gestir á klst. um Hávetur.....	64
89. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á dag á Háönn.....	64
90. mynd. Hraunfossar: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	64

91. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag á Háönn.	65
92. mynd. Hraunfossar: Gestir á dag um Hávetur.....	65
93. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á mánuði.	67
94. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.....	68
95. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á tímabili.	69
96. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á tímabili.....	70
97. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klst. á Háönn.....	70
98. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á klst. um Hávetur.....	70
99. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klst. á Háönn.	71
100. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á klst. um Hávetur.	71
101. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á dag á Háönn.	71
102. mynd. Djúpalónssandur: Bifreiðar á dag um Hávetur.....	71
103. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag á Háönn.....	72
104. mynd. Djúpalónssandur: Gestir á dag um Hávetur.	72
105. mynd. Gestir á áfangastöðunum á mánuði.....	75
106. mynd. Hlutfallsleg dreifing gesta eftir mánuðum.	76

Töfluskrá

1. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum á þjóðvegum skv. umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.	11
2. tafla. Dæmi um útreikninga á grunnupplýsingum.	12
3. tafla. Ferðatímabil sem rannsóknin miðar við.	13
4. tafla. Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið við Hraunfossa.	14
5. tafla. Jökulsárlón: Grunnupplýsingar.	17
6. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	18
7. tafla. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.	19
8. tafla. Jökulsárlón: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	20
9. tafla. Jökulsárlón: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	20
10. tafla. Sólheimajökull: Grunnupplýsingar.	25
11. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	25
12. tafla. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.	27
13. tafla. Sólheimajökull: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	27
14. tafla. Sólheimajökull: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	27
15. tafla. Húsadalur: Grunnupplýsingar.	31
16. tafla. Húsadalur: Meðalfjöldi í bifreið á ári.	32
17. tafla. Húsadalur: Gestir á mánuði.	33
18. tafla. Bifreiðar á mánuði, samanburður milli teljarans í Húsadal og teljara á aðalvegi inní Þórsmörk.	37
19. tafla. Hakið: Grunnupplýsingar.	38
20. tafla. Hakið: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	39
21. tafla. Hakið: Gestir á mánuði.	41
22. tafla. Hakið: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	41
23. tafla. Hakið: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	41
24. tafla. Geysir: Grunnupplýsingar.	47
25. tafla. Geysir: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	47
26. tafla. Geysir: Gestir á mánuði.	49
27. tafla. Geysir: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	49
28. tafla. Geysir: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	49
29. tafla. Seltún: Grunnupplýsingar.	52
30. tafla. Seltún: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	53
31. tafla. Seltún: Gestir á mánuði.	54
32. tafla. Seltún: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	55
33. tafla. Seltún: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	55
34. tafla. Hraunfossar: Grunnupplýsingar.	59
35. tafla. Hraunfossar: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	60
36. tafla. Hraunfossar: Gestir á mánuði.	61
37. tafla. Hraunfossar: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	62
38. tafla. Hraunfossar: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	62
39. tafla. Djúpalónssandur: Grunnupplýsingar.	66
40. tafla. Djúpalónssandur: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.	67
41. tafla. Djúpalónssandur: Gestir á mánuði.	68
42. tafla. Djúpalónssandur: Breyting á milli mánaða í komu gesta.	69
43. tafla. Djúpalónssandur: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.	69

44. tafla. Meðalfjöldi í bifreið eftir tímabilum.....	73
45. tafla. Vigtarstuðlar eftir tímabilum.	74
46. tafla. Bifreiðar á tímabili.....	74
47. tafla. Gestir á tímabili.	75
48. tafla. Hlutfall gesta á áfangastöðum eftir tímabili.	75

1 Inngangur

1.1 Aðdragandi verkefnisins

Ferðamönnum til Íslands fjölga ört en erlendar rannsóknir hafa sýnt að ánægja ferðamanna á náttúruskoðunarstöðum minnkar með vaxandi fjölda ferðamanna (Simón, Narangajavana og Marqués, 2004). Ferðamálastofa óskaði því eftir að rannsökuð yrðu þolmörk ferðamanna og fjöldi þeirra á fjölförnum áfangastöðunum á Suður- og Vesturlandi. Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri og Anna Dóra Sæþórsdóttir dósent við Háskóla Íslands völdu hvaða áfangastaði skyldi skoða. Staðirnir sem voru valdir eru: Djúpalónssandur á Snæfellsnesi, Geysir í Haukadal, Hakið á Þingvöllum, Hraunfossar í Borgarfirði, Seltún í Krýsuvík, Húsadalur í Þórsmörk, Sólheimajökull og Jökulsárlón (1. mynd). Verkefnið var tvíþætt, annars vegar að rannsaka þolmörk ferðamanna á áfangastöðunum og hins vegar að telja ferðamenn sem þangað koma. Það var að mestu rekið sem tvö aðskilin verkefni. Anna Dóra Sæþórsdóttir annaðist þann verkþátt sem snéri að þolmörkum og viðhorfum ferðamanna. Rögnvaldur Ólafsson sá hins vegar um talningar á ferðamönnum.


Talningarnar byggjast á fyrri rannsóknum Rögnvalds Ólafssonar, höfundar skýrslunnar og aðferðum sem hafa verið þróaðar, bæði að Fjallabaki og í Vatnajökulsþjóðgarði og unnar í samvinnu við Regínu Hreinsdóttur þjóðgarðsvörð í Skaftafelli. Samstarf var við starfsfólk þolmarkahluta verkefnisins um að kvarða teljarana og finna meðalfjölda í bifreið á hverjum áfangastað. Á þann hátt var hægt að meta fjölda þeirra sem koma á áfangastaðina á tiltölulega áreiðanlegan hátt. Slíkt hefur ekki verið hægt áður hér á landi. Aðferðafræði verkefnisins þróaðist mikið á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Hér er nú komin aðferð til að fylgjast með dreifingu ferðamanna um landið á mismunandi árstímum. Aðferðinni er lýst hér og í áfangaskýrslu verkefnisins (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2014).

Niðurstöðurnar eru mikilvægar upplýsingar við skipulag ferðamennsku hér á landi. Eins og fram kemur í Vegvísi í ferðapjónustu (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar, 2015) eru áreiðanleg gögn grunnur að markvissum ákvörðunum, meðal annars um dreifingu ferðamanna um landið þannig að allir landshlutar megi njóta góðs af fjölgun ferðafólks.

Svo umfangsmikið verk var mögulegt vegna fjárhagslegs stuðnings Ferðamálastofu. Höfundar skýrslunnar kunna Ferðamálastofu bestu þakkir fyrir stuðninginn. Starfsfólki þolmarkahluta verkefnisins sem taldi rútur og farþega í þeim er einnig þökkun samvinnar.

Verkefnið er einnig hluti af doktorsverkefni Gyðu Þórhallsdóttur í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Verkefni hennar fjallar um dreifingu ferðamanna um landið á mismunandi árstímum.

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður sem varða talningar á ferðamönnum á fyrrnefndum áfangastöðum (1. mynd). Uppbygging skýrslunnar er eftirfarandi: Í kafla 2 er farið í aðferðafræði verksins og vankanta þess. Í 3. kafla er farið yfir niðurstöður á hverjum stað. Í 4. kafla er síðan samantekt og staðirnir bornir saman. Að lokum eru tveir Viðaukar, A og B þar sem er að finna frekari skýringar á efni skýrslunnar.




1. mynd. Talningastaðirnir.

1.2 Talning á ferðamönnum

Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög síðustu áratugi (Ferðamálastofa, 2015b). Árið 1950 komu rúmlega fjögur þúsund erlendir gestir til Íslands. Gestum fjölgaði síðan jafnt og þétt og voru orðnir um 53 þúsund tuttugu árum síðar (Ferðamálastofa, 2015c). Árið 2005


komu tæplega 400 þúsund ferðamenn í gegnum Keflavíkurlflugvöll, en árið 2014 voru þeir orðnir um milljón (2. mynd) (Ferðamálastofa, 2015a). Að auki komu ferðamenn með ferjunni Norrænu, skemmtiferðaskipum og í gegnum aðra flugvelli á landinu. Til Reykjavíkur komu til dæmis tæplega 105 þúsund daggestir með skemmtiferðaskipum árið 2014. Langflestir koma þó í gegnum Keflavíkurlflugvöll eða um 97% (Ferðamálastofa, 2015b).



2. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árin 2005 til 2014 (Ferðamálastofa, 2015a).

Árstíðarsveifla í komu ferðamanna til Íslands er töluverð. Á Keflavíkurlflugvelli eru erlendir ríkisborgarar taldir við brottför frá landinu og því er þekkt hversu margir erlendir ferðamenn koma til landsins eftir mánuðum (3. mynd) (Ferðamálastofa, 2015a). Út frá gistináttatölum Hagstofunnar má síðan sjá hvernig þeir dreifast eftir landshlutum (Hagstofa Íslands, 2014). Vegna skorts á talningum er minna vitað um hversu margir ferðamenn koma á mismunandi áfangastaði á landinu.

Samkvæmt spurningakönnun meðal brottfararfarþega á Keflavíkurlflugvelli eru vinsælustu náttúruskoðunarstaðir ferðamanna yfir sumarið á Gullna hringnum, en um 70% erlendra ferðamanna skoðuðu Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Auk þess fóru um 30% þeirra á Snæfellsnes og um fjórðungur um Borgarfjörð (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf, 2012). Talningar á áfangastaðnum sjálfum geta þó gefið mun nákvæmari upplýsingar um fjölda á einstökum stöðum en spurningakannanir við brottför.



3. mynd. Fjöldi ferðamanna á mánuði í gegnum Leifsstöð árin 2005 til 2015 (Ferðamálastofa, 2015a).

Við skipulag ferðamannastaða er erfitt að byggja á öðru en áreiðanlegum gögnum og megin forsenda er að vita hversu margir ferðamenn koma á staðinn (De Cantis, Parroco, Ferrante og Vaccina, 2015; Smale, 2011). Þetta er nauðsynlegt vegna skipulags og uppbyggingar á innviðum og samgöngumannvirkjum, vegna verndunar og til að upplifun ferðamanna verði sem best (Cessford og Burns, 2008; De Cantis o.fl., 2015). Vanda þarf til verka við talningarnar til að áreiðanlegar upplýsingar fáið sem stjórnendur staðanna geta treyst á að gefi raunsanna mynd (Cessford og Burns, 2008; De Cantis o.fl., 2015). Vandasamt og kostnaðarsamt getur verið að safna slíkum gögnum. Það hefur því oft setið á hakanum, þrátt fyrir að vitað sé að þekking á fjölda á áfangastað sé mikilvæg til að ákvarða um áhrif og ánægju gesta.

Víða er erfitt að telja ferðamenn. Áfangastaðir ferðamanna eru til dæmis gjarnan afskekktir en einnig vantar oft hæft starfsfólk til að telja ferðamenn. Því hefur oft verið gripið til þess ráðs að áætla fjölda ferðamanna eftir tilfinningu stjórnenda og starfsfólks (Cessford og Burns, 2008; Cessford og Muhar, 2003; Melville og Ruohonen, 2004; Muhar, Arnberger og Brandenburg, 2002; Watson, Cole, Turner og Reynolds, 2000). Síðastliðin ár hefur þó krafa um áreiðanleg gögn um fjölda aukist (De Cantis o.fl., 2015; Hadwen, Hill og Pickering, 2007; Ross, 2005; Smale, 2011).

Stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs hefur verið umhugað um að vera með áreiðanleg gögn um fjölda gesta í þjóðgarðinum. Í Skaftafelli í Vatnajökulspjóðgarði hafa ferðamenn verið

taldir frá árinu 2009. Síðan hefur teljurum í Þjóðgarðinum fjölgað verulega og eru þeir nú rúmlega 30. Á haustmánuðum 2015 var gefin út á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs skýrsla með niðurstöðum allra talninga í Þjóðgarðinum (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2015). Þjóðgarðurinn hefur nýtt gögnin á ýmsan hátt, til dæmis við hönnun og gerð bílastæðis og útsýnispalls við Dettifoss, en einnig við skipulag vakta starfsfólks.

Ýmsar leiðir má fara til að finna fjölda ferðamanna á áfangastöðum. Þar sem gjald er tekið er það auðvelt. Víða hafa sjálfvirkir teljarar verið notaðir til að finna fjölda ferðamanna á áfangastöðum. Umhverfisstofnun Nýja Sjálands (e. Department of Conservation) hefur til dæmis í mörg ár notað sjálfvirka teljara til að telja ferðamenn. Stofnunin hefur þróað skýrar verklagsreglur um talningarnar til að bæði gögnin og úrvinnslan sé góð (Beunen, Jaarsma og Kramer, 2004; Rauhala, Erkkonen og Iisalo, 2002; Ross, 2005). Sjálfvirkir teljarar eru einnig mikið notaðir til að telja ferðamenn í Bandaríkjunum (Watson, 2000). Hér á landi er aðgengi að mjög mörgum ferðamannastöðum með afleggjara frá aðalvegi sem gerir mögulegt að telja bifreiðar sem aka að staðnum með bifreiðateljara. Sé að auki meðalfjöldi í bifreið þekktur, má reikna fjölda gesta sem koma á staðinn. Í verkefninu sem hér er fjallað um er sú aðferð notuð.

2 Mat á umferð og fjölda ferðamanna

2.1 Upsetning og kvörðun bifreiðateljara

Erlendir ferðamenn eru taldir þegar þeir yfirgefa landið en litlar upplýsingar eru til um hvert þeir fara á meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi. Reynt hefur verið að nálgast þessar upplýsingar með því að spyrja þá við brottför hvert þeir hafi farið í ferð sinni. Reynslan bæði hér á landi og erlendis sýnir að slík gögn eru ekki áreiðanleg vegna þess að fólk veit ekki, eða man ekki, hvað staðirnir heita, enda örnefni heimafólks oft erfið gestum. Auk þessara kannanna meðal erlendra gesta hafa verið gerðar kannanir meðal Íslendinga um hvert þeir hafi ferðast (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf, 2014) og má reikna með að þær gefi réttari mynd af því hvaða áfangastaði þeir heimsóttu. Því er ekki vitað með vissu hve margir gestir koma á helstu áfangastaði landsins. Slíkar upplýsingar eru hins vegar lykilatriði fyrir skipulag og rekstur ferðamannastaða, við undirbúning innviða, til dæmis bílastæða og salerna, við skipulag vega og stíga og einnig við mat á nauðsynlegum úrtaksstærðum við framkvæmd spurningakannana.

Í þessari rannsókn var mæld umferð bifreiða á aðkomuleiðum áfangastaðanna með bifreiðateljum. Á stöðum þar sem aðeins er ein aðkomuleið er þetta frekar ódýr og áreiðanleg aðferð til að finna fjölda gesta ef vandað er til kvörðunar eins og skýrt verður frá í kafla 2.2. Í þessari skýrslu eru bifreiðar síðan flokkaðar í einkabíla og rútur til þess að hægt sé að áætla meðalfjölda í hverri bifreið.

Bifreiðateljararnir sem voru notaðir í þessari rannsókn skynja bifreiðar með segulskynjara sem skynjar breytingu á segulsviði jarðar þegar bifreiðar aka hjá. Því þarf ekki slöngur yfir veg eða víra undir yfirborð vegar eins og á þeim teljum sem mest hafa verið notaðir hér á landi hingað til. Það nægir að koma teljaranum fyrir í vegkanti og skynjar hann þá bifreiðar sem eru í allt að 6 m fjarlægð. Teljararnir eru litlir, um 10x15x5cm og eru í vatnspéttum plastkassa (4. mynd). Þeim var komið fyrir í öðrum vatnspólnum kassa sem var festur við staur sem grafinn var niður í vegkantinn og falinn með grjóti eða torfi (5. mynd). Rafhlöður teljaranna endast í hálf til heilt ár.



4. mynd. Teljari.




5. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.

Teljararnir eru stilltir til að skrá á hverjum heilum tíma allar bifreiðar sem hafa farið hjá á síðustu klukkustund. Þeir geyma gögnin og hafa nægilegt minnisrými til að geyma talningu á klukkustundar fresti í heilt ár. Þó er ráðlegt að lesa af þeim á nokkurra mánaða fresti til að tryggja að ekki tapist of mikið af gögnum ef tæknileg vandamál koma upp. Teljararnir telja allar bifreiðar sem fara um veginn og ekki er hægt að skilja á milli umferðar eftir stefnu. Teljararnir gera ekki mun á stórum og litlum bifreiðum, til dæmis ekki rútum og einkabílum. Reynt var að skilja á milli þeirra með því að setja teljara í mismunandi fjarlægðir frá vegi þannig að teljari í meiri fjarlægð skynjaði aðeins stóra bíla, það gekk þó ekki sem skildi. Seinna var önnur aðferð reynd með góðum árangri á Hakinu. Leigður var svonefndur umferðargreinir og hann notaður til að greina í sundur rútur og einkabíla. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum kostaði leiguna á umferðargreininum og undirbúning fyrir uppsetningu en höfundar skýrslunnar sáu um alla aðra vinnu. Skrifuð var skýrsla um niðurstöður tilraunarinnar en sú skýrsla hefur ekki verið gefin út. Niðurstöður tilraunarinnar voru að umferðagreinir gefur góða raun og gerir kleift að finna á sjálfvirkan hátt hlutfall rúta af þeim bifreiðum sem koma á áfangastaði ferðamanna. Eftir að umferðargreinirinn hefur verið kvarðaður má með honum finna á ódýran hátt hlutfall rúta og einkabíla á mismunandi árstímum á hverjum áfangastað. Slíkt mundi auðvelda og gera ódýrara að fá betri gögn um hve margir sækja staðina heim þar sem mikill kostnaður er við að finna hlutfall rúta handvirkt eins og gert er í þessu verkefni.

2.2 Kvörðun bifreiðateljara


Teljararnir eru frekar auðveldir í uppsetningu og meðfærilegir að vinna með. Velja þarf talningastaðina af nokkurri kostgæfni. Æskilegt er að teljararnir séu þar sem ekið er á jöfnum

hraða fram hjá þeim og helst þar sem litlar líkur eru á að bílar mætist, en þá gætu tvær bifreiðar talist sem ein. Helstu skekkjuvaldar eru mætingar og að langar hægfara bifreiðar teljist tvisvar. Velja þarf hæfilegan tímafasta fyrir teljarann, sem er best gert með því að prófa tvo teljara með mismunandi tímafasta og bera saman við handtalningu. Mismunandi er eftir stöðum hve mikið er um mætingar bifreiða og aðrar skekkjur. Því er hver staður kvarðaður með því að handtelja í einn dag eða nokkra daga allar bifreiðar sem fara fram hjá teljaranum og bera niðurstöðuna saman við talningar teljarans. Þetta er síðan sett upp í kvörðunargraf þar sem hallatala grafsins (y) segir til um með hvaða fasta þarf að margfalda talningarnar (6. mynd). Kvörðunarfasti (hallatala grafsins, y) hvers teljara er í þessari skýrslu settur fram í töflum ásamt grunnupplýsingum hvers staðar. Í handtalningunni (kvörðuninni) er bifreiðum einnig skipt í einkabíla (9 manna og færri) og rútur og fæst þá hve hátt hlutfall bifreiða eru rútur. Þetta hlutfall þarf að finna fyrir hvern og einn áfangastað til að finna meðalfjölda fólks í bifreið.



6. mynd. Hraunfossar: Dæmi um kvörðun teljara.


Niðurstöður talninganna hafa verið bornar saman við bifreiðateljara Vegagerðarinnar í aðkeyrslunni að Hraunfossunum (7. mynd) og reyndist gott samræmi vera þar á milli. Slíkt hið sama hefur verið gert í Skaftafelli þar sem einnig reyndist vera gott samræmi milli teljaranna (Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2015).



7. mynd. Hraunfossar: Samanburður á teljara (kvarðaður) og teljara Vegagerðarinnar.

2.3 Meðalfjöldi í bifreið

Til að finna fjölda fólks frá fjölda bifreiða þarf að finna hlutfall rúta og síðan meðalfjölda í einkabílum og rútum. Meðalfjöldi í bifreið er fundinn með því að telja hversu margir eru í hverri bifreið. Meðalfjöldi fólks í einkabíl sem kom til Skaftafells á árunum 2009 til 2013 var fundinn með því að telja fólk í 952 einkabílum. Niðurstöður þeirra talninga var að í einkabílum voru að meðaltali 2,6 (8. mynd). Það kemur heim og saman við talningar í umferðarkönnunum sem Vegagerðin gerði sumrin 2007 til 2011 í tengslum við stórar framkvæmdir (1. tafla). Fyrirnefndar talningar út úr einkabílum í Skaftafelli og umferðakönnun Vegagerðarinnar gefa til kynna að meðalfjöldi í einkabílum sé nánast sá sami alls staðar á landinu. Í þessari rannsókn er gert ráð fyrir að meðalfjöldi í einkabíl sé alls staðar 2,6 (Vegagerðin, 2008a, 2008b, 2012).



8. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.

1. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum á þjóðvegum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtölningu í Skaftafelli.

Umferðarkannanir Vegagerðarinnar									Skaftafell	
Meðalfjöldi í bifreið					Hlutfall bifreiða				Meðalfjöldi í bifreið	Hlutfall bifreiða
Sumar		Vetur			Sumar		Vetur			
Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi			
Einkabílar	2,64	2,65	2,11	2,55	98%	97%	99%	99%	2,60	88%
Rútur	15,38	18,16	14,62	15,22	2%	3%	1%	1%	13,89	12%
Alls:									3,99	100%

Hlutfall rúta af öllum bifreiðum og meðalfjöldi farþega í rútum er hins vegar breytilegur milli staða og tíma og þarf því að finna hvort tveggja á hverjum áfangastað og á nokkrum árstímum. Í þessu verkefni voru rútur sem komu á áfangastaðinn taldar af höfundum þessarar skýrslu og af spýrlum þolmarkaverkefnisins í nokkra daga á hverju tímabili gagnasöfnunar. Fjöldi rúta var síðan dreginn frá heildarfjölda bifreiða sem hafði farið framhjá bifreiðateljaranum á sama tíma og fékkst þannig fjöldi einkabíla. Heildarfjöldi farþega í rútum var fenginn með því að spýrlar þolmarkaverkefnisins spurðu bílstjóra eða leiðsögumenn um fjölda farþega í hverri rútu um leið og þeir dreifðu spurningalistum í rúturnar. Meðalfjöldi farþega í rútu er meðaltal þessara talninga dagana sem talið var.

2.4 Útskýringar á grunnupplýsingum


Í 2. töflu er dæmi frá Hraunfossur dagana 9. til 14. júlí 2014. Hún sýnir þær grunnupplýsingar sem þarf til að hægt sé að reikna meðalfjölda í bifreið sem kom á hvern áfangastað. Breytan, meðalfjöldi í bifreið er nauðsynleg til að finna fjölda fólks sem kom á staðinn út frá fjölda bifreiða sem þangað koma. Skilgreiningar á breytum og útreikningum er að finna í Viðauka A.

Í 2. töflu er einnig birtur kvörðunarfasti teljarans en hann er notaður til að leiðrétta talningu teljarans. Helstu villur sem geta orðið í talningunni er að bifreiðar mætist við teljarann og tvær bifreiðar teljist þá sem ein. Einnig að löng hægfara bifreið sé mjög lengi framhjá teljaranum og sé talin tvisvar.

2. tafla. Dæmi um útreikninga á grunnupplýsingum.

Háönn - 9. til 14. júlí 2014	
Meðalfjöldi í rútu	22,6
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	0,9788
Heildarfjöldi bifreiða	1.566
Fjöldi rúta	91
Fjöldi einkabíla	1.475
Fjöldi í rútu	2.061
Fjöldi í einkabíl	3.836
Hlutfall rúta af bifreiðum	5,8%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	94,2%
Meðalfjöldi í bifreið	3,7648

Meðalfjöldi í bifreið er að jafnaði mismunandi eftir árstíma og áfangastöðum. Til þess að hægt sé að reikna meðalfjölda í bifreið á áfangastað yfir allt árið þarf að skilgreina ferðatímabil. Þegar gögn um árstíðasveiflu talninga á bifreiðum eru skoðuð hefur árinu verið skipt í sjö ferðatímabil eftir þunga umferðarinnar (9. mynd) (sjá nánari útskýringu í Viðauka B). Þessi ferðatímabil eru síðan skilgreind í ISO vikum (3. tafla).



9. mynd. Skilgreind ferðatímabil.

3. tafla. Ferðatímabil sem rannsóknin miðar við.

Tímabil	Vikur	Dagsetningar
Síðla vetrar	8-15	u.þ.b. 17. febrúar - 13. apríl
Vetrarlok	16-22	u.þ.b. 14. apríl - 1. júní
Vor	23-27	u.þ.b. 2. júní - 6. júlí
Háönn	28-32	u.þ.b. 7. júlí - 10. ágúst
Haust	33-37	u.þ.b. 11. ágúst - 14. september
Framan af vetri	38-43	u.þ.b. 15. september - 26. október
Hávetur	44-7	u.þ.b. 27. október - 15 febrúar

Í dæminu í 2. töflu er reiknaður út meðalfjöldi í bifreið fyrir tímabilið *Háönn* en meðalfjölda í bifreið þarf að finna fyrir hvert tímabil þar sem hann er að jafnaði breytilegur eftir árstímum eins og fram kom hér að ofan. Fyrir þau tímabil sem úrtak hefur verið tekið á er meðalfjöldinn reiknaður á sama hátt og í 2. töflu. Til þess að reikna hversu margir gestir komu á tímabilum, sem ekki var tekið úrtak á, þurfti að reikna út meðalfjöldann fyrir tímabilið út frá nærliggjandi tímabilum.

Í þessu verkefni var meðalfjöldi í bifreið ákvarðaður þrisvar sinnum yfir árið á mismunandi tímabilum. Hann er því aðeins þekktur fyrir þessi þrjú tímabil. Fyrir önnur tímabil

þarf að nálgja hann frá nærliggjandi tímabilum. Meðalfjöldi í bifreið um *Haust* við Hraunfossa var reiknaður út frá tímabilinu *Háönn* annars vegar og *Framan af vetri* hins vegar með því að deila mismuninum línulega á tímabilin. Í 4. töflu er meðalfjöldi í bifreið settur fram fyrir hvert tímabil. Feitletruðu tímabilin eru þau tímabil sem gögnum var safnað á.

Í 4. töflu eru einnig settar fram niðurstöður um fjölda bifreiða sem komu á hverju tímabili að Hraunfossum og vigtarstuðlar sem reiknaðir eru frá þeim fyrir hvert tímabil. Frá vigtarstuðlunum er meðalfjöldi í bifreið síðan reiknaður fyrir hvert tímabil og fyrir árið. Vigtarstuðlarnir ráðast af hlutfallslegum umferðarþunga á tímabilinu. Þegar meðalfjöldi í bifreið yfir árið er fundinn vigtar *Háönnin* mest (þegar flestir koma) í meðalfjöldanum, en *Hávetur* minnst (þegar færstir koma).

4. tafla. Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið við Hraunfossa.

	Meðalfjöldi í bifreið	Bifreiðar á tímabili	Vigtarstuðlar
Síðla vetrar	3,1616	2.084	6,1%
Vetrarlok	3,3627	4.053	11,8%
Vor	3,5638	7.916	23,1%
Háönn	3,7648	9.655	28,2%
Haust	3,6843	6.322	18,5%
Framan af vetri	3,6038	2.260	6,6%
Hávetur	3,3827	1.927	5,6%
Alls:		34.217	100%
	Meðalfjöldi í bifreið yfir árið:		3,5869

2.5 Vankantar rannsóknarinnar

Í gagnasöfnun er mikilvægt að ná sem bestu úrtaki þannig að úrtakið endurspegli sem best eiginleika þýðisins. Því er mjög mikilvægt að úrtök dreifist rétt. Talningaverkefnið var rekið samhliða þolmarkaverkefninu en í því var spurningalistum dreift til ferðamanna á áfangastöðunum. Starfsfólk þolmarkaverkefnisins sá um að safna upplýsingum um fjölda farþega í rútum fyrir talningarnar og valdi tímann sem úrtakið var tekið á. Talningaverkefnið þurfti að laga sig að þeim tíma. Sá tími hentaði því miður ekki alltaf til að fá úrtak sem lýsti best dreifingu ferðamanna eftir árstímum. Talningu á rútum og fjölda farþega í þeim var ekki dreift yfir viðkomandi tímabil eins og æskilegt hefði verið, heldur var talið í fimm til sjö daga í röð á hverjum áfangastað. Betri og nákvæmari upplýsingar um meðalfjölda á tímabilinu hefðu fengist ef gagnasöfnuninni hefði verið dreift betur yfir hvert tímabil. Einnig var ekki að því gætt

að gögnum væri safnað á þeim tímabilum þar sem aðstæður eru sérstakar, þ.e. á háannatíma um sumarið og lágönn að vetri og taka þannig betur mið af árstíðasveiflunni í komu ferðamanna. Slíkt var ekki gert á öllum stöðunum sem gerði erfitt að fá gott yfirlit yfir meðalfjölda í bifreið yfir árið. Til dæmis er slæmt að ekki var mælt á *Háönn* nema við Hraunfossa, Jökulsárlón, Geysi og í Húsadal. Á hinum stöðunum eru ekki til gögn um hlutfall rúta á mesta annatímanum. Þau varð að reikna frá öðrum tímabilum.

Dæmi um óheppilegt val á tíma fyrir úrtöku var um haustið 2014 og veturinn 2015. Á haustin og á veturna eru um tveggja vikna löng tímabil þegar stórir hópar breskra skólanemenda koma í námsferð til Íslands og heimsækja nokkra staði í rútum. Þá daga koma mun fleiri rútur á þessa staði en aðra daga. Þessar vikur eru því ekki dæmigerðar fyrir allt tímabilið. Úrtak sem er tekið á þessum tíma endurspeglar því ekki allt tímabilið og niðurstöðurnar verða skekktar og hlutfall rúta verður óvenju hátt á tímabilinu. Þessu hefði mátt komast hjá með því að vanda betur valið á úrtaksdögum og taka til dæmis ekki úrtak marga daga í röð. Til að úrtakið skekktist sem minnst af þessu varð að sleppa því að nota nokkra daga við Sólheimajökul á tveimur tímabilum og á einu tímabili við Hakið. Þetta fækkaði gögnum á tímum þegar fáir ferðast og minnkar áreiðanleika rannsóknarinnar. Á þessu sést hve mikilvægt er að vanda úrtakið og forðast til dæmis að vera marga daga í röð á hverjum stað.

Tveir staðir af þeim átta sem gögnum var safnað á, reyndust erfiðari en aðrir í talningu og úrvinnslu, það er að segja Geysir og Húsadalur. Á öllum áfangastöðunum nema Geysi er afleggjari að áfangastaðnum en við Geysi er ekið í gegnum staðinn. Því er erfitt að áætla hversu margir stoppa og skoða Geysi og hve margir aka beint í gegn og ganga aldrei upp að hverasvæðinu. Í Húsadal koma tiltölulega fáir, sér í lagi yfir jaðartímann og að vetri. Úrtök voru því lítil og gögnin þóttu ekki nægilega áreiðanleg. Til að fá nægilega stórt úrtak sem hægt var að vinna úr, var ákveðið að nota meðaltal af öllum þremur tímabilunum sem meðalfjölda í bifreið yfir árið í Húsadal, sjá frekar í þeim köflum sem fjalla um þessa staði.

2.6 Meðhöndlun gagnasafnsins

Þar sem teljararnir skrá umferð bifreiða á klukkutíma fresti allan sólarhringinn þá safnast upp mikið af gögnum. Til að fá sem best yfirlit yfir umferðina er unnið úr gögnunum á nokkra ólíka vegu og segir hver úrvinnsla sína sögu:

1. *Heildarumferð á sólarhring.* Þannig má sjá sveiflur sem verða til dæmis vegna frídags verslunarmanna, veðurs og fleira.
2. *Heildarumferð yfir árið, hvern mánuð, hluta árs eða allt tímabilið sem um ræðir.* Óvarlegt er að taka meðaltöl yfir löng tímabil þar sem fjöldi ferðamanna er venjulega mjög breytilegur yfir árið.
3. *Meðaldreifing umferðar eftir tíma sólarhrings á ákveðnu tímabili (hér Háönn og Hávetri), reiknað fyrir hverja klukkustund.* Þessi sýn gefur hugmynd um hvenær sólarhringsins er háannatími en það varpar meðal annars ljósi á álagstíma á salerni og aðra innviði.
4. *Dreifing umferðar eftir vikudögum.* Með þessari sýn má til dæmis sjá hvort umferðin sé eins um helgar og á virkum dögum, eða hvort umferðin sé meiri ákveðna vikudaga en aðra.
5. *Reiknað meðaltal umferðar á vikutímabili.* Með því að horfa á fjölda á viku, þá sést betur hvernig umferðin breytist án þess að sveiflur milli daga trufli.
6. Oft er bæði sýnd umferð bifreiða og fólks í gröfum og töflum. Fjöldi fólks fæst með því að margfalda fjölda bifreiða með meðalfjölda í bifreið. Gröfin líta svipað út en mælikvarðinn er annar. Á flestum stöðum er meðalfjöldi í bifreið þó mismunandi eftir árstímum og þá er hlutfallið milli fjölda bifreiða og gesta ekki það sama yfir allt árið.

3 Niðurstöður

3.1 Jökulsárlón

Við Jökulsárlón er bifreiðateljari á afleggjaranum á milli þjóðvegarsins og bílastæðisins. Þar var hlutfall rúta og meðalfjöldi í bifreið fundinn á þremur tímabilum og fór gagnasöfnunin fram í um viku í senn á hverju tímabili. Fyrst fór gagnasöfnun fram á *Háönn*, síðan *Framan af vetri* og að lokum *Síðla vetrar*. Gildi á helstu breytum er að finna í 5. töflu. Í Viðauka A er að finna nánari útskýringar á hverri breytu.

Á tímabilinu *Háönn* var meðalfjöldi í bifreið 3,15 og hlutfall rúta af bifreiðum 3,1%. Á tímabilinu *Framan af vetri* var meðalfjöldi í bifreið 3,01 og hlutfall rúta 2,6%. *Síðla vetrar* var meðalfjöldi í bifreið 2,99 og hlutfall rúta var 2,8% af bifreiðum (5. tafla). Í lok ágúst 2014 var tímafasta í teljara breytt og því er kvörðunarfasti annar á *Háönn* en á hinum tímabilunum.

5. tafla. Jökulsárlón: Grunnupplýsingar.

Háönn - 18.júlí til 22. júlí 2014		Framan af vetri - 6. október til 12. október 2014	
Meðalfjöldi í rútu	20,6	Meðalfjöldi í rútu	18,3
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6	Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	0,9028	Kvörðunarfasti	1,0213
Heildarfjöldi bifreiða	4.522	Heildarfjöldi bifreiða	1.423
Fjöldi rúta	138	Fjöldi rúta	37
Fjöldi einkabíla	4.384	Fjöldi einkabíla	1.386
Fjöldi í rútu	2.837	Fjöldi í rútu	677
Fjöldi í einkabíl	11.398	Fjöldi í einkabíl	3.603
Hlutfall rúta af bifreiðum	3,1%	Hlutfall rúta af bifreiðum	2,6%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	96,9%	Hlutfall einkabíla af bifreiðum	97,4%
Meðalfjöldi í bifreið	3,1480	Meðalfjöldi í bifreið	3,0082


Síðla vetrar - 23. febrúar til 1. mars 2015	
Meðalfjöldi í rútu	16,7
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	1,0213
Heildarfjöldi bifreiða	1.484
Fjöldi rúta	41
Fjöldi einkabíla	1.443
Fjöldi í rútu	686
Fjöldi í einkabíl	3.752
Hlutfall rúta af bifreiðum	2,8%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	97,2%
Meðalfjöldi í bifreið	2,9904

Út frá meðalfjölda í bifreið á fyrrnefndum tímabilum gagnasöfnunar var reiknaður meðalfjöldi á öðrum tímabilum. Tímabil gagnasöfnunar eru feitletruð (6. tafla).


6. tafla. Jökulsárlón: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.

	Meðalfjöldi í bifreið	Bifreiðar á tímabili	Vigtarstuðlar
Síðla vetrar	2,9904	12.135	9,5%
Vetrarlok	3,0430	15.637	12,2%
Vor	3,0955	24.496	19,2%
Háönn	3,1480	30.760	24,1%
Haut	3,0781	23.225	18,2%
Framan af vetri	3,0082	9.887	7,7%
Hávetur	2,9993	11.577	9,1%
	Alls:	127.718	100%
	Meðalfjöldi í bifreið yfir árið:	3,0731	

Út frá þeim forsendum sem settar voru fram í 5. og 6. töflu var síðan reiknað hversu margar bifreiðar og hve margir gestir komu að Jökulsárlóni. Á 10. mynd sést hversu margar bifreiðar komu að Jökulsárlóni á mánuði frá því í janúar 2014 þar til í september 2015. Á 11. mynd sést hversu margir gestir komu á sama tíma.



10. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á mánuði.



11. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.

Í 7. töflu er fjöldi gesta á mánuði við Jökulsárlón settur fram frá janúar 2014 til september 2015. Í 8. töflu sést breyting á milli mánaða 2014 og 2015, þá mánuði sem gögn eru til fyrir bæði árin. Í 9. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting milli sömu mánaða.

7. tafla. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.

	2014	2015
Janúar	4.268	8.592
Febrúar	7.847	14.226
Mars	12.503	19.782
Apríl	13.063	18.265
Maí	21.829	37.583
Júní	52.541	64.604
Júlí	84.186	87.871
Ágúst	76.057	87.803
September	36.633	52.676
Október	17.266	
Nóvember	10.623	
Desember	7.367	
Alls:	344.183	
Taldir dagar:	365	273
Daga vantar:	0	92


8. tafla. Jökulsárlón: Breyting á milli mánaða í komu gesta.

	2015
Janúar	4.325
Febrúar	6.379
Mars	7.279
Apríl	5.202
Maí	15.753
Júní	12.063
Júlí	3.685
Ágúst	11.746
September	16.043
Október	
Nóvember	
Desember	


9. tafla. Jökulsárlón: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.

	2015
Janúar	101%
Febrúar	81%
Mars	58%
Apríl	40%
Maí	72%
Júní	23%
Júlí	4%
Ágúst	15%
September	44%
Október	
Nóvember	
Desember	

Á 12. mynd sést hversu margar bifreiðar komu að Jökulsárlóni á hverju tímabili frá *Síðla vetrar* 2014 til loka tímabilsins *Haust* 2015. Á 13. mynd sést síðan hversu margir gestir komu að Jökulsárlóni á sama tíma. Til eru gögn til að bera saman 5 tímabil, *Síðla vetrar*, *Vetrarlok*, *Vor*, *Háönn* og *Haust*. Hlutfallsleg fjölgun var mest *Síðla vetrar* (78%) en minnst um *Háönnina* (7%).




12. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á tímabili.




13. mynd. Jökulsárlón: Gestir á tímabili.


Á 14. mynd sést hvernig bifreiðarnar dreifast á klukkustundir dagsins á *Háönn* og á 15. mynd um *Hávetur*. Á *Háönn* byrjar fólk að koma að Jökulsárlóni upp úr klukkan 8:00 og um klukkan 15:00 er hámarki dagsins náð (14. mynd). Um *Hávetur* byrjar fólk að koma upp úr klukkan 9:00 og hámarki dagsins er náð upp úr klukkan 14:00 (15. mynd). Á 16. og 17. mynd eru gefnar sömu upplýsingar og á 14. og 15. mynd, en þá um gesti.




14. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klst. á Háönn.



15. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klst. um Hávetur.



16. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klst. á Háönn.




17. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klst. um Hávetur.


Á 18. og 19. mynd sést hversu margar bifreiðar koma eftir vikudögum á *Háönn* (18. mynd) og um *Hávetur* (19. mynd). Á *Háönn* er dreifingin nokkuð jöfn yfir vikudagana. Um *Hávetur* koma nokkuð fleiri á laugardögum. Á 20. og 21. mynd koma fram sömu upplýsingar og á 18. og 19. mynd, en þá um gesti.




18. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag á Háönn.



19. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag um Hávetur.



20. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag á Háönn.



21. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag um Hávetur.

3.2 Sólheimajökull

Við Sólheimajökul er bifreiðateljarinn á afleggjaranum á milli Þjóðvegur 1 og bílastæðisins nærri jökulsporðinum, á vegi númer 221, um það bil miðja veginn upp að bílastæðinu. Við Sólheimajökul var hlutfall rúta og meðalfjöldi í bifreið fundinn á þremur tímabilum og fór gagnasöfnunin fram í um viku í senn á hverju tímabili. Fyrst fór gagnasöfnun fram að *Vori*, síðan um *Hávetur* og að lokum *Síðla vetrar*. Gildi á helstu breytum er að finna í 10. töflu. Í Viðauka A er að finna nánari útskýringar á hverri breytu.

Á tímabilinu *Vor* var meðalfjöldi í bifreið 4,30 og hlutfall rúta af bifreiðum 8,1%. Á tímabilinu *Hávetur* var meðalfjöldi í bifreið 8,77 og hlutfall rúta 27,8%. *Síðla vetrar* var meðalfjöldi í bifreið 6,72 og hlutfall rúta af bifreiðum var 18,8% (10. tafla).

Þegar gögnum var safnað á tímabilunum *Hávetur* og *Síðla vetrar* var nokkuð mikið um rútur með breskum skólahópum í námsferð á Íslandi. Slíkt getur skekkt úrtakið eins og kom fram í kafla 2.5. Þetta var sérstaklega slæmt við Sólheimajökul þar sem bæði mælitímabilin lentu á tímum vetrarfría í breskum skólum. Tvenns konar verklag var á skráningu rúta við Sólheimajökul. Á fyrra tímabilinu, *Hávetur* var ekki skráð sérstaklega hvaða rútur voru nemendarútur, heldur var einungis skráð að margar rútur hefðu verið með nemendum. Það reyndust vera fimm dagar. Vegna óvissunnar sem þetta skapaði var ákveðið að taka þá daga ekki með í útreikningunum. Þegar talið var *Síðla vetrar* voru einnig margar rútur með nemendum í skólaferðalagi. Þá var hins vegar verklaginu við skráninguna breytt og skráð niður hvaða rútur voru skólarútur og hverjar ekki. Þannig var hægt að draga skólarúturnar frá. Við þetta bættist að tvo daga af þeim sjö sem gögnum var safnað *Síðla vetrar* var nær ófært að Sólheimajökli og því voru þeir dagar ekki taldir vera dæmigerðir og voru ekki teknir með í útreikningunum á meðalfjölda í bifreið.

Vegna þessara erfiðleika var ákveðið að sameina tvö tímabil, það er *Hávetur* og *Síðla vetrar* og finna sameiginlegan meðalfjölda fyrir bæði tímabilin (10. tafla). Ljóst er að safna þarf frekari gögnum og vanda betur til verka en hér var gert til að fá betri gögn.

10. tafla. Sólheimajökull: Grunnupplýsingar.

Vor - 2. til 6. júlí 2014		Hávetur - 24. til 30. október 2014	
Meðalfjöldi í rútu	23,5	Meðalfjöldi í rútu	24,8
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6	Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	0,9842	Kvörðunarfasti	0,9842
Heildarfjöldi bifreiða	761	Heildarfjöldi bifreiða	90
Fjöldi rúta	62	Fjöldi rúta	25
Fjöldi einkabíla	699	Fjöldi einkabíla	65
Fjöldi í rútu	1.456	Fjöldi í rútu	621
Fjöldi í einkabíl	1.817	Fjöldi í einkabíl	169
Hlutfall rúta af bifreiðum	8,1%	Hlutfall rúta af bifreiðum	27,8%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	91,9%	Hlutfall einkabíla af bifreiðum	72,2%
Meðalfjöldi í bifreið	4,3019	Meðalfjöldi í bifreið	8,7741


Síðla vetrar - 17. til 23 febrúar 2015		Hávetur og Síðla vetrar	
Meðalfjöldi í rútu	24,5	Meðalfjöldi í rútu	24,6
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6	Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	0,9842	Kvörðunarfasti	0,9842
Heildarfjöldi bifreiða	345	Heildarfjöldi bifreiða	436
Fjöldi rúta	65	Fjöldi rúta	90
Fjöldi einkabíla	280	Fjöldi einkabíla	346
Fjöldi í rútu	1.592	Fjöldi í rútu	2.213
Fjöldi í einkabíl	729	Fjöldi í einkabíl	898
Hlutfall rúta af bifreiðum	18,8%	Hlutfall rúta af bifreiðum	20,7%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	81,2%	Hlutfall einkabíla af bifreiðum	79,3%
Meðalfjöldi í bifreið	6,7180	Meðalfjöldi í bifreið	7,1431

Út frá meðalfjölda í bifreið á fyrrnefndum tímabilum gagnasöfnunar var reiknaður meðalfjöldi á öðrum tímabilum. Tímabil gagnasöfnunar eru feitletruð (11. tafla).


11. tafla. Sólheimajökull: Meðalfjöldi í bifreið á tímabili og yfir árið.

	Meðalfjöldi í bifreið	Bifreiðar á tímabili	Vigtarstuðlar
Síðla vetrar	7,1431	3.239	9,8%
Vetrarlok	5,7225	4.204	12,8%
Vor	4,3019	5.227	15,9%
Háönn	5,0122	6.242	18,9%
Haust	5,7225	5.954	18,1%
Framan af vetri	6,4328	4.221	12,8%
Hávetur	7,1431	3.878	11,8%
Alls:		32.965	100%
Meðalfjöldi í bifreið yfir árið:			5,7604

Út frá þeim forsendum sem settar voru fram í 10. og 11. töflu var síðan reiknað hversu margar bifreiðar og hve margt fólk kom að Sólheimajökli. Á 22. mynd sést hversu margar bifreiðar komu að Sólheimajökli á mánuði frá því í júní 2014 þar til í október 2015. Á 23. mynd sést hversu margir gestir komu á sama tíma. Byrjað var að lagfæra veginn að Sólheimajökli í ágúst 2014 og vegna vegagerðarinnar vantar gögn á tímabilinu ágúst til október 2014.



22. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á mánuði.



23. mynd. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.

Í 12. töflu er fjöldi gesta á mánuði við Sólheimajökul settur fram frá því talningar hófust í júní 2014 til október 2015. Í 13. töflu sést breyting á milli mánaða 2014 og 2015, þá mánuði sem gögn eru til fyrir bæði árin. Í 14. töflu er sett fram hlutfallsleg breyting milli sömu mánaða.

12. tafla. Sólheimajökull: Gestir á mánuði.

	2014	2015
Janúar		6.102
Febrúar		9.069
Mars		12.057
Apríl		12.664
Maí		17.550
Júní	18.108	19.612
Júlí	26.147	26.732
Ágúst		31.914
September		22.256
Október		18.715
Nóvember	10.215	
Desember	5.350	
Taldir dagar:	148	304
Daga vantar:	217	61


13. tafla. Sólheimajökull: Breyting á milli mánaða í komu gesta.

	2015
Janúar	
Febrúar	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	1.503
Júlí	585
Ágúst	
September	
Október	
Nóvember	
Desember	


14. tafla. Sólheimajökull: Hlutfallsleg breyting milli mánaða í komu gesta.

	2015
Janúar	
Febrúar	
Mars	
Apríl	
Maí	
Júní	8%
Júlí	2%
Ágúst	
September	
Október	
Nóvember	
Desember	

Á 24. mynd sést hversu margar bifreiðar komu að Sólheimajökli á hverju tímabili frá Vor 2014 til loka tímabilsins *Framan af vetri* 2015. Þó vantar tímabilin *Haust* og *Framan af vetri* 2014 þegar unnið var að vegalagningu. Á 25. mynd sést síðan hversu margir gestir komu að Sólheimajökli á sama tímabili. Til eru gögn til að bera saman tvö tímabil, *Vor* og *Háönn*. Um *Vorið* fjölgaði um 10% á milli árána 2014 og 2015 en *Háönnin* stóð að mestu í stað á milli ára.




24. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á tímabili.




25. mynd. Sólheimajökull: Gestir á tímabili.


Á 26. mynd sést hvernig bifreiðarnar dreifast á klukkustundir dagsins á *Háönn* og á 27. mynd um *Hávetur*. Á *Háönn* byrjar fólk að koma að Sólheimajökli upp úr klukkan 9:00 og um klukkan 15:00 er hámarki dagsins náð (26. mynd). Um *Hávetur* byrjar fólk að koma upp úr klukkan 11:00 en hámarki dagsins er einnig náð upp úr klukkan 15:00 (27. mynd). Á 28. og 29. mynd eru gefnar sömu upplýsingar og á 26. og 27. mynd, en þá um gesti.




26. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klst. á Háönn.



27. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á klst. um Hávetur.




28. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klst. á Háönn.




29. mynd. Sólheimajökull: Gestir á klst. um Hávetur.


Á 30. og 31. mynd sést hversu margar bifreiðar koma eftir vikudögum á *Háönn* (30. mynd) og um *Hávetur* (31. mynd). Á *Háönn* er dreifingin nokkuð jöfn yfir vikudagana en um *Hávetur* koma fleiri um helgar. Á 32. og 33. mynd koma fram sömu upplýsingar og á 30. og 31. mynd, en þá um gesti.




30. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag á Háönn.



31. mynd. Sólheimajökull: Bifreiðar á dag um Hávetur.



32. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag á Háönn.



33. mynd. Sólheimajökull: Gestir á dag um Hávetur.

3.3 Húsadalur í Þórsmörk

Bifreiðateljarinn í Húsadal er staðsettur Húsadalsmegin við Krossá í aðkeyrslunni að Húsadal. Þar var gögnum safnað á þremur tímabilum, *Háönn*, *Framan af vetri* og *Síðla vetrar*. Þá viku sem dvalið var þar á *Háönn* komu 34 rútur og 141 einkabíll. Í vikunni sem dvalið var á tímabilinu *Framan af vetri* komu sjö rútur og 24 einkabílar og í vikunni sem dvalið var á tímabilinu *Síðla vetrar* kom engin rúta en 11 einkabílar. Hvort dreifingin sé dæmigerð yfir tímabilin er erfitt að dæma um út frá svo takmörkuðum gögnum. Engu að síður er hér reynt að gera það besta sem hægt er úr gögnunum. *Síðla vetrar* var talið út úr þeim 11 bifreiðum sem komu og meðalfjöldi í þeim bifreiðum, 2,95 er notaður í stað 2,6 manns í bifreið. Rútuhlutfallið var reiknað fyrir *Háönn* og *Framan af vetri* en ákveðið var að nota meðaltal allra tímabilanna til að finna hversu margt fólk kemur í Húsadal (15. tafla). Þar er því notað ársmeðaltal fyrir öll tímabilin 2,92 (16. tafla).

15. tafla. Húsadalur: Grunnupplýsingar.

Háönn - 25. til 31. júlí 2014		Framan af vetri - 6. til 12. október 2014	
Meðalfjöldi í rútu	4,3	Meðalfjöldi í rútu	3,6
Meðalfjöldi í einkabíl	2,6	Meðalfjöldi í einkabíl	2,6
Kvörðunarfasti	0,9171	Kvörðunarfasti	0,9171
Heildarfjöldi bifreiða	175	Heildarfjöldi bifreiða	31
Fjöldi rúta	34	Fjöldi rúta	7
Fjöldi einkabíla	141	Fjöldi einkabíla	24
Fjöldi í rútu	147	Fjöldi í rútu	25
Fjöldi í einkabíl	367	Fjöldi í einkabíl	63
Hlutfall rúta af bifreiðum	19,4%	Hlutfall rúta af bifreiðum	22,4%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	80,6%	Hlutfall einkabíla af bifreiðum	77,6%
Meðalfjöldi í bifreið	2,9356	Meðalfjöldi í bifreið	2,8181


Síðla vetrar - 1. til 7. mars 2015	
Meðalfjöldi í einkabíl	3,0
Kvörðunarfasti	0,9171
Heildarfjöldi bifreiða	11
Fjöldi rúta	0
Fjöldi einkabíla	11
Fjöldi í rútu	0
Fjöldi í einkabíl	31
Hlutfall rúta af bifreiðum	0,0%
Hlutfall einkabíla af bifreiðum	100,0%
Meðalfjöldi í bifreið	2,9545

Í Viðauka A er að finna nánari útskýringar á hverri breytu sem sett er fram í 15. töflu. Þegar lesa átti af teljaranum haustið 2015 reyndist Krossá með öllu ófær og ekki tókst að lesa af teljaranum. Talningarnar ná því aðeins fram til 17. maí 2015 þegar lesið var af um vorið. Í 16. töflu er að finna reiknað ársmeðaltal fyrir Húsadal.


16. tafla. Húsadalur: Meðalfjöldi í bifreið á ári.

Meðalfjöldi í bifreið á ári
2,9196

Út frá þeim forsendum sem settar voru fram í 15. og 16. töflu var reiknað hversu margar bifreiðar og hve margir gestir komu í Húsadal. Á 34. mynd sést hversu margar bifreiðar komu að Húsadal á mánuði frá því í júní 2014 til apríl 2015. Á 35. mynd sést hversu margir gestir komu á sama tíma. Í 17. töflu er settur fram fjöldi gesta á mánuði, eins og kom fram á 35. mynd.



34. mynd. Húsadalur: Bifreiðar á mánuði.




35. mynd. Húsadalur: Gestir á mánuði.


17. tafla. Húsadalur: Gestir á mánuði.

	2014	2015
Janúar		139
Febrúar		185
Mars		212
Apríl		466
Maí		
Júní	1.457	
Júlí	2.188	
Ágúst	1.799	
September	779	
Október	431	
Nóvember	284	
Desember	153	
Taldir dagar:	221	137
Daga vantar:	144	228

Á 36. mynd sést hversu margar bifreiðar komu í Húsadal á hverju tímabili frá Vor 2014 til loka tímabilsins *Síðla vetrar* 2015. Á 37. mynd sést síðan hversu margir gestir komu í Húsadal á sama tíma.




